

FISKELDISMÖGULEIKAR Á STRÖNDUM

MINNISPUNKTAR


Jón Örn Pálsson

Hólum, sept. 1993

VMST/N-93009

Eintak bókasafns

VMST-N/93009



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Norðurlandsdeild

## **Inngangur**

Hér er stuttlega gerð grein fyrir athugun á fiskeldis- og fiskræktarmöguleikum hjá sjö aðilum á Ströndum, sem fór fram dagana 9. og 10. sept. 1993. Ferðin var skipulögð af héraðsráðunaut Búnaðarsambands Strandamanna og var farin að tilstuðlan Héraðsnefndar, sem stendur að óformlegu átaksverkefni á Ströndum. Megináherslan var að kanna aðstæður fyrir bleikjueldi, en auk þess var veitt ráðgjöf í fiskrækt og vatnanýtingu. Hér á eftir er greint í stuttu máli frá þeim hugmyndum, sem þykja álitlegastar á hverjum stað sem var heimsóttur.

## **Melar, Hrútafirði.**

Hér er einungis árvatn til staðar og erfitt að ná því sjálfrennandi úr ánni. Sjálfrennandi vatn er forsenda fyrir öruggu og hagkvæmu fiskeldi.

Þar sem töluverður ferðamannastraumur er við þjóðveginn eru forsendur fyrir sölu á stangveiði á eldisfiski í tilbúinni tjörn. Hugsanlega er mögulegt að byggja silungsveiðitjörn við Veitingaskálann á Brú og nýta til þess umframvatn úr vatnslögn, sem liggur að símsstöðvarhúsi. Að sögn Jóns Jónssonar á Melum getur vatnsrennslið í lögninni minnkað yfir sumartímann og því verður að kanna þetta vel.

## **Kollsá, Hrútafirði.**

Skammt ofan við þjóðveginn lítið vatn (<3 ha), sem jafnan er nefnt Vatnið, og er yfirfullt af smáum urriða og einnig veiðist eitthvað af bleikju. Vatnið er tiltölulega grunnt, 1.5 meter að sögn Vilhjálms Ólafssonar á Kollsá, og það rennur lækur í og úr vatninu, sem skapar ákjósanleg hrygningarskilyrði fyrir urriða. Undanfarin ár hefur silungur verið veiddur í net, en fiskurinn þykir of smár og óskaði Vilhjálmur eftir aðstoð við að koma vatninu í góða veiði. Þar sem vatnið er lítið er tiltölulega auðvelt að hafa áhrif á það með veiði. Því tel ég rétt að það verði veitt mikið af smáfiski næstu árin, í samráði við Veiðimálastofnun. Til veiða á smábleikju verða notaðar heimasníðaðar búrgildir og hefur Vilhjálmi fengið teikningar af þeim. Slíkar gildir eru afar auðveldar í notkun og hugsanlega má nota hluta af fiskinum úr gildrunum í stangveiðitjarnir.

## **Þórustaðir, Bitrufirði.**

Möguleikar til bleikjueldis voru kannaðir. Innarlega í dalnum eru upptök á kaldavermsli í takmörkuðu magni og þar sem ekki er mögulegt að taka sjálfrennandi vatn úr ánni er ekki mögulegt að nýta þetta vatn til eldis. Hins vegar er lækur heima við bæinn sem jafnan er nefndur "Uppsprettulækur" sem hefur stöðugt rennsli og hann frýs aldrei.

Hitastigið í læknum mældist 7,5°C skammt frá upptökum (lofthiti 9°C). Vatnsrennsli er sennilega 3-5 l/sek. Þennan læk tel ég mjög hentugan til að nota fyrir bleikjueldi. Ef miðað er við 5 l/sek vatnsmagn er mögulegt að framleiða 1 tonn af fiski og jafnvel meira ef vatnið er endurnotað, sem skapar möguleika til framleiðslu á bleikju til sölu á innanlandsmarkað (t.d. kofareykta). Einnig er mögulegt að byggja stangveiðilón á sjávarbökkunum neðan við Þjóðveginn, en það þarf að skoða sérstaklega. Ef farið verður í bleikjueldi tel ég best að byggðar verði 1-2 eldistjarnir skammt vestan við íbúðarhúsið og getur Veiðimálastofnun veitt ráðgjöf við allar framkvæmdir.

### **Fell, Kollafirði.**

Í hlífðinni ofan við Fell er rennur víða fram kaldavermsl, sem er þó í takmörkuðu magni. Í Gilinu rennur yfirborðsvatn en það getur minnkað mikið yfir sumartímann. Til að geta gert sér rétta mynd af möguleikunum er nauðsynlegt að þekkja lágmarksrennsli og hitastig í Gilinu á mismunandi árstíma.

### **Geirmundarstaðir, Selárdal.**

Hjörtur Þórisson ábúandi á Geirmundarstöðum hefur áhuga á að ala bleikjuseiði til að sleppa í Selá og rækta þannig upp bleikjustofninn í ánni. Hjörtur hefur hug á að veiða klakfisk til hrognatöku í Selá í haust. Fyrirhugað er að koma fyrir aðstöðu fyrir hrogn og smáseiði í fjárhúsunum. Þegar seiðin hafa náð ca. 5 g stærð verða seiðin flutt yfir í eldistjarnir, sem verða byggðar skammt fyrir ofan bæinn. Þar rennur nokkuð vatnsmikill og stöðugur lækur. Seiðin verða síðan alin í tjörnunum í tæplega 2 ár áður en þeim verður sleppt í ána. Væntanlega mun Veiðifélagið fyrir Selá styðja þessar fyrirætlanir fjárhagslega. Þar sem hér er um mjög merka tilraun að ræða mun Veiðimálastofnun óska eftir samstarfi um framkvæmd hennar. Nauðsynlegt er að merkja hluta af seiðunum fyrir sleppingu og þannig verður mögulegt að fylgjast með endurheimtum og leggja mat á árangur.

### **Klúka, Bjarnarfirði.**

Þar má áætla að 10-12 l/sek af ca 41°C heitu vatni sé sjálfrennandi, en það er takmarkað kalt vatn á staðnum. Nægt kalt vatn er í dragá ca. 1 km utar í firðinum. Mögulegt er að leiða heita vatnið austur í ána, en fallhæð er lítil, sem gerir framkvæmdina tiltölulega dýra. Ef miðað er við að 10 l/sek af heitu vatni verði blandað við árvatn, þannig að vatnshiti árvatnsins hækki að jafnaði um 5°C yfir veturinn væri mögulegt að framleiða 30-40 tonn af bleikju árlega, sem gæti skapað tvö árverk.

### **Framnes, Kaldrananesi.**

Jóhann Björn Arngrímsson í Framnesi hefur hug á að nýta vatn úr Urriðaánni til bleikjueldis. Áin rennur úr Urriðavötnum á heiðinni og má því vænta þess að áin hitni seint á vorin, en aftur á móti haldist hitinn lengur fram á haustið. Nauðsynlegt er að fá upplýsingar um vatnshita yfir árið og sveiflur í vatnsrennsli til að leggja mat á hagkvæmni af slíkum framkvæmdum.

### **Ásmundarnes, Bjarnafirði.**

Guðmundur Halldórsson í Ásmundarnesi hefur stundað fiskeldi í allmörg ár og er nú svo komið að takmarkað vatnsmagn setur skorður fyrir frekari uppbyggingu. Mögulegt er að sækja meira kalt vatn í fjallshlíðina ofan við Ásmundarnes og einnig í Deildará skammt norðan við eldisstöðina. Því hefur Guðmundur hug á að auka eldisrýmið þegar meira vatn verður til ráðstöfunar og er ein ódýrasta lausnin að byggja eldistjarnir. Guðmundur hefur fengið í hendur teikningar af slíkum tjörnum. Eldi í dúkklæddum tjörnum heimilar útflutning á fiskinum og slíkar tjarnir eru auðveldar í umhirðu.

### **Lokaorð.**

Það er ljóst að það er mögulegt að stunda fiskeldi í litlum og stórum einingum víða á Ströndum. Notkun á heitu vatni er ekki forsenda fyrir árangri, en þó er hagkvæmni eldisins jafnan í beinu hlutfalli við vaxtarhraða fisksins. Því þarf að halda fjárfestingakostnaði í lágmarki þar sem aðeins er notað kalt vatn til eldisins. Það er ársíðandi að þeir sem hug hafa á að hefja fiskeldi afli sér þekkingar á viðfangsefninu, og æskilegt er að eldismenn séu í góðu sambandi við starfandi ráðgjafa í fiskeldi.